

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Sigurður A Jónsson, slökkviliðsstjóri og Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 1. september 2023
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Gjaldskrá Slökkviliðs

Gjaldskrá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar þarf að skipta betur upp. Um er að ræða fjórar tekjudeildir, 07250 Slökkvitækjaþjónusta, 07210/07600 Slökkvilið útleiga tækja, 07240 Öryggisþjónusta og 07210 Slökkvilið lögbundin þjónusta.

Slökkvitækjaþjónustan 07250

Lagt er til 8% hækkun á gjaldskrá. Slökkvitækjaþjónustan er í samkeppnisrekstri og því öll sala með virðisaukaskatt.

Nýr liður inn, „Yfirfara brunaslönguhjól, vottorð, 2.009 kr. m.vsk

Breyting á Þolreina Co2 tæki, keypt af byrgja (Ólafur Gíslason) og þarf því að rukka skv. reikning.

Flutningskostnaður á tæki, þjónusta þegar veitt en vantaði í gjaldskrá, var rukkað 33.000 m.vsk á árinu 2023 og því hækkað um 8%

Slökkvilið útleiga tækja (07210/07600)

Lagt er til 8% hækkun á gjaldskrá. Fækkað um 2 forða sem eru sameinaðir í annan.

Reykblásari ekki leigður en í staðin er leigt út blásari sem kemur nýr inn á 12.400 m.vsk.

Öryggisþjónusta (07240)

Öryggisþjónusta er veitt til stofnana Ísafjarðarbæjar og nokkurra fyrirtækja á svæðinu sem samningur er við. Öryggisþjónustan er í samkeppnisrekstri og því öll sala með virðisaukaskatt. Um er að ræða brunavöktunarkerfi og/eða þjófvarnarkerfi.

Lagt er til að mánaðargjaldið hækki um 8% (vöktun viðvörðunarkerfis).

Lagt er til breytingu á útkalli þannig að rukkað sé lágmark 4 tímar fyrir útkall á verðinu 34.700 m.vsk. og bætt inn tímagjaldi umfram 4 tíma á 22.500 m.vsk

Lögbundin verkefni slökkviliðs (07210)

Starfsemi slökkviliðs er bundin lögum um brunavarnir nr. 75 frá 2000. Lögin kveða á um þau lögbundnu verkefni sem sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fyrir aðkomu slökkviliðs vegna verkefna sem þeim er skylt að sinna. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði.

Almennt er lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun þar sem verð var leiðrétt í fjórfallt verð á klukkutíma.

1. **Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkutíma.
2. **Öryggisvaktir við mannvirki**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 29. gr. og 30 gr. laga um brunavarnir. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkutíma.
3. **Lokun mannvirkja**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 29. gr. og 32. Gr. laga um brunavarnir. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkutíma.
4. **Dagsektir**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 29 gr. laga um brunavarnir. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Lagt til 8% hækkun.
5. **Öryggis- og lokaúttektir**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 12 gr. laga um brunavarnir. Lagt til 8% hækkun.
6. **Útköll vegna brunaviðvörðunarkerfa**, gjaldtaka er byggð á 3. mgr. 29 gr. laga um brunavarnir. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Lagt til 54% hækkun en starfsmaður sem fer í útkall fær alltaf greitt fyrir 4 klst.
7. **Umsagnir slökkviliðsstjóra** til einkaaðila og annarra stjórnvalda eru ekki fyrirskrifaðar í lögum um brunavarnir. Umsagnir til annarra stjórnvalda eru þó eftir atvikum áskildar í lögum um aðra málaflokka og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkutíma.
8. **Ráðgjafapjónusta**, sem fellur ekki undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu og er ekki undir ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. mr. laga um brunavarnir. Lagt til 8% hækkun.
9. **Fylgd vegna sprengiefnaflutninga**, ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur getur lögreglustjóri sett fram kröfur um fylgd slökkviliðs við slíkan flutning. Lagt til 8% hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkutíma.
10. **Viðbúnaður utan gildissviðs laga** um brunavarnir s.s. vegna upphreinsunar, verðmætabjörgunar og vatnsleka. Lagt til 8% hækkun.
11. **Tækjaleiga** er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið. Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Lagt til 8%

hækkun, nema á útkalli utan vinnutíma er lagt til 30% hækkun, eða fjórfallt verð á klukkuþíma.

12. **Annað.** Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. 45% álag er lagt á útselda vinnu starfsmanna slökkviliðs eftir kl. 16 á virkum dögum og um helgar. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar. Lagt til óbreytt.